



Reykjavík, 9. apríl 2026

IER24010004

Endurskoðunarnefnd  
Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík

### **Staða úttektar IER á skipulagsferli Álfabakka 2A**

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkurborgar þann 7. janúar 2025 var samþykkt að fela Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar (IER) að framkvæma stjórnsluúttekt á skipulagsferlinu við Álfabakka 2A í Suður-Mjódd.

IER tilkynnti borgarráði þann 29. janúar 2025 að töf yrði á upphafi úttektarinnar vegna anna á skrifstofunni. Tilkynning um upphaf úttektar var send sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs (USK) þann 2. júní 2025. Í framhaldi fór fram forathugun með það að markmiði að greina viðfangsefni úttektar. Í úttektarteymi IER eru Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfræðingur og skipulagsfulltrúi Akureyrarbæjar og Arnheiður Ingjaldsdóttir, verkefnastjóri.

Tengiliður úttektarinnar er skipulags- og byggingarfulltrúi sem ber ábyrgð á að tryggja IER aðgang að gögnum og starfsfólki, auk þess að upplýsa aðra aðila eftir atvikum. Verkáætlan fyrir úttektina var gefin út þann 9. júlí 2025 og að loknu sumarfríi hófst framkvæmd úttektarinnar.

Skýrsludrög voru send aðilum innan Reykjavíkurborgar til umsagnar þann 28. janúar 2026. Umsagnaraðilar voru borgarritari, sviðsstjóri USK, formaður umhverfis- og skipulagsráðs og ráðsmaður úr ráðinu. Aðilum var veittur frestur til 16. febrúar 2026 til að skila inn athugasemdum við skýrsludrögin. USK óskaði tvisvar eftir framlengingu á fresti og skilaði athugasemdum sínum þann 11. mars 2026. Tekið var tillit til þeirra athugasemda sem bárust. Í framhaldi voru skýrsludrögin send til umsagnar til aðila utan Reykjavíkurborgar þann 24. mars 2026. Umsagnaraðilar voru fyrrverandi skipulagsfulltrúi, fyrrverandi deildarstjóri skipulagsmála, Álfabakki 2 ehf. og Búseti hsf. Aðilum var veittur frestur til 10. apríl 2026 til að skila inn athugasemdum við skýrsludrögin. Fyrrverandi skipulagsfulltrúi óskaði eftir framlengdum fresti til 24. apríl 2026 og var honum veittur sá frestur.

Hér með er tilkynnt að samkvæmt uppfærðri áætlun er gert ráð fyrir að lokaskýrsla um Álfabakka 2A liggja fyrir um miðjan maí 2026. Skýrslan verður kynnt fyrst sem trúnaðarmál í endurskoðunarnefnd og í kjölfarið send borgarráði.

Virðingarfyllst,  
Ingunn Ólafsdóttir  
*Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar*

Samrit:  
Sanna Magdalena Mörtudóttir, forseti borgarstjórnar  
Alexandra Briem, formaður borgarráðs

Afrit:  
Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjórnar